

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 19. janúar 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-122/2010:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 5. október sl. bað X, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna sturtubotns og sturtuklefa sem keypt var hjá Y. Telur hún galla vera á þessum söluhlutum og krefst þess að fá þá endurgreidda. Einnig gerir álitsbeiðandi kröfu til þess að seljandi greiði fyrir þá vinnu sem muni þurfa til þess að taka sturtuklefann niður, setja nýjan klefa upp, flísaleggja og ganga frá. Eins að seljandi greiði fyrir það tjón sem leki frá botninum hafi valdið á hæðinni fyrir neðan.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Í bréfi, dags. 6. október sl., óskaði kæruneftndin eftir frekari gögnum frá álitsbeiðanda og bárust þau 17. október. Með bréfi, dags. 20. október gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum við álitsbeiðninni og bárust þau 26. október. Með bréfi, dags. 27. október, var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við álitsbeiðnina og jafnframt beðin um að hún upplýsti kæruneftndina um það hver hefði komið sturtubotninum fyrir og hvort hann hefði verið lagður í steypu eins og fram kemur í andsvörum seljanda að hafi verið gert. Svar frá álitsbeiðanda barst 3. nóvember í tölvupósti og í honum kemur fram að pípulagningamaðurinn sem kom botninum fyrir, Z, segi eftirfarandi: „Það þarf að kíkja undir botninn og athuga hvort steypan nái upp undir botninn. Þetta var bara afgangsfeni sem var sett undir til að reyna að styrkja festuna á botninum.“ Þá segir álitsbeiðandi í bréfinu að hún þurfi að fá tíma til þess að fá pípulagningamanninn til þess að koma, sömuleiðis A frá Félagi pípulagningameistara til þess að vera óháður aðili og svo einhvern frá seljanda. Í tilefni af þessum tölvupósti álitsbeiðanda sendi kæruneftndin aðilum bréf þar sem segir m.a. eftirfarandi:

„Hjá báðum aðilum, álitsbeiðanda og Innréttingum og tækjum, kemur fram vilji til þess að aðilar hittist og skoði það sem hinn umdeilda sturtubotn varðar ásamt óháðum aðila sem æskilegt er að þeir komi sér saman um hver verði. Kæruneftndin mælir eindregið með því að aðilar sammælist um þetta og að henni verði að skoðun lokinni send skýrsla frá hinum óháða aðila. Sýnist aðilum svo geta þeir einnig sent kæruneftndinni athugasemdir sínar að skoðun lokinni. Kæruneftndin gefur frest til að koma framangreindu í kring til þriðjudagsins 16. nóvember.

Lengri frestur var gefinn af hálfu kæruneftndarinnar til að umrædd skoðun færi fram. Með bréfi, dags. 12. janúar sl. var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álagsbeiðanda

Samkvæmt reikningi, dags. 14. maí 2010, kostaði sturtubotninn, væntanlega ásamt sturtuklefanum, kr. 31.475.

Í álagsbeiðni segir m.a.:

„Þann 14. maí 2010 keyptum við hjónin sturtubotn og klefa af Innréttingum og tækjum. Við sáum tilboð í Fréttablaðinu og þar sem nýlega var búið að gera við stíflu í sameign okkar að B þá vildum við ekki setja gamla sturtuklefan og botninn upp aftur heldur kaupa nýtt. Það leið nokkur tími frá því að við keyptum þetta þar til þetta var sett upp þar sem nokkur vinna var við að losa stífluna í húsinu og ganga frá bæði á neðri hæðinni hjá nágrönnum okkar og svo að komast í að setja þetta upp hjá okkur. Ekki vorum við búin að nota botninn nema í 2-3 skipti þegar það hætti að renna niður úr honum. Þetta var það fyrsta sem við lentum í varðandi þennan sturtubotn. Pípulagningamaðurinn okkar Z hafði frétt af því hjá öðrum pípara að hann hefði lent í svipuðum vandræðum með botn frá þessu fyrirtæki. Í sameiningu og með miklum fjallabaksleiðum tókst þeim að laga þetta. Hófst þá notkun á klefanum upp á nýtt en nú tók ekki betra við það fór að leka úr honum og niður á hæðina fyrir neðan okkur og komu rakaskemmdir í loftið hjá nágrönnunum. [...] Í millitíðinni fór maðurinn minn Ingólfur Sigurðsson ásamt Z niður í Y og óskaði eftir því að fá nýjan botn og að búðin myndi greiða fyrir þær skemmdir sem komnar voru ásamt allri þeirri vinnu sem leggja þyrfti í. Þeir ræddu við eigandann sem ég man því miður ekki hvað heitir en hann var til í að láta okkur fá nýjan botn en að öðru leyti taldi hann sig ekki bera neina ábyrgð á tjóninu. Nú það tók okkur tíma að ná fagaðila frá Félagi pípulagningamanna og Z okkar pípara saman en upp úr miðjum október tókst það og A formaður Félags pípulagningameistara kom hingað og tók út bæði vinnuna og botninn og kom með það álit að botninn væri ónýtur og vinna og annað hefði verið fullnægjandi. Nú þarf að rífa botninn í burtu og skipta um, flísaleggja upp á nýtt og laga loft á neðri hæð og mála.“

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda segir eftirfarandi:

„Ingólfur kom til okkar ásamt rörlagningamanni, (kynnti sig ekki) og tjáði undirrituðum um það sem hann sagði galla í sturtubotni. Við ræddum þetta góða stund þangað til rörlagningamaðurinn sagðist hafa sett góðan slurk af blautri steypu undir miðju botnsins af því að það var verið að steypa í húsinu á sama tíma. Ég spurði hann af hverju honum hefði hugkvæmst að gera það. Svar, það var svo oft gert í gamla daga. Þessi botn sem um ræðir er gerður úr trefjasteypu og klæðning úr ABS yfir. Síðan er grind úr járnprófilum með 5 stillifótum. Í gamla daga, eins og rörlagningamaður segir, var oft sett steypuklessa undir botna, sem einnig var þá slæm og ófagleg vinna. Þeir botnar voru gerðir úr emileruðu stáli. Þessi botn sem um ræðir er hannaður til að standa í grind og yfirborð á að geta gefið örlítið eftir. Þegar kemisk efni og blaut steypa koma saman og þegar fastur punktur er kominn undir botninn er ekki verið að tala bara um galla í vöru heldur um hugsanlega aðrar orsakir. Þegar þessar upplýsingar lágu fyrir tjáði ég þeim að við vildum senda mann á staðinn þegar taka ætti botninn frá og bað Ingólf um að hringja með fyrirvara. Við viljum benda á að við ásamt mörgum öðrum innflytjendum flytja inn þessa gerð sturtubotna og hefur það reynst í góðu lagi. En samt sem áður er ekki hægt að ábyrgjast að enginn galli sé á vöru sama hvað hún heitir. Fagmenn hljóta að gera greinarmun á eðli vöru og hvaða efni hún er gerð úr. Okkar tilboð um að senda fulltrúa á svæðið stendur.“

V

Úr gögnum málsins

Álitsbeiðninni fylgdi matsgerð A, pípulagninga-meistara, formanns Félags pípulagningameistara, dags. 23. september 2010. Kemur þar fram að hann hafi skoðað sturtubotninn og vinnu við tengingu og frágang hans með Z pípulagningamanni. Í matsgerðinni segir síðan orðrétt:

„Komst ég að þeirri niðurstöðu að öll vinna við tengingu var til fyrirmyndar. Það liggur fyrir að sturtubotninn er stórgallaður, yfirborð sturtubotnsins er laus frá trefjasteypunni og virðis vera fín sprunga í botninum. Fyllti ég vatn í sturtubotninn og þrýsti lauslega á yfirborðið með þeim afleiðingum að leki kom niður úr trefjasteypunni með tilheyrandi lofthljóði. **Það er mat mitt að söluaðili beri fulla ábyrgð á þessum galla og ætti að bera það tjón sem hlýst af niðurríti á þessum gallaða sturtubotni ásamt tengingu og öllu því raski sem af þessari framkvæmd verður.**“

Þegar skýrslu frá óháðum aðila um skoðun á því sem sturtubotninn varðaði hafði ekki borist innan tilskilins frests hafði formaður kærunevndarinnar samband við matsmanninn, A, 8. desember sl. Hann kvaðst þá vera með skýrsluna í smíðum en hefði ekki lokið henni vegna anna. Hann sagði að sést hefði að undir sturtubotninum öllum væri hellur og steypa þannig að ekki skapaðist misvægi þegar stigið væri á botninn. Því hafnaði hann skýringum seljanda á því að botninn hefði skemmst vegna steypu sem undir hann hefði verið sett. A taldi að tiltölulega auðvelt væri að lagfæra flísar eða skipta um þær þegar botninn væri fjarlægður og nýr settur í staðinn en skipt hefði verið á sínum tíma að hluta á flísum í kring um botninn.

Formaður kærunevndarinnar hafði einnig samband við C f.h. seljanda. Sagðist hann hafa farið á staðinn, B, síðla í nóvember ásamt starfsmanni sínum og fulltrúa frá Tryggingamiðstöðinni hf. Ekki hefði tekist að losa um sturtubotninn til þess að skoða hvort steypan sem pípulagningamaðurinn segist hafa sett undir sturtubotninn, sbr. tölvupóst álitsbeiðanda frá 3. nóvember sl., næði upp að botninum. Pípulagningamaðurinn hefði ekki verið á staðnum. Hann kvaðst hafa séð brún eða sprungu á yfirborði sturtubotnsins en ekki getað séð hvort botninn læki af þeim sökum. Búið hafi verið að saga úr botninum en ekki hefði það dugað til þess að séð yrði hvernig steypunni hefði verið komið fyrir. Fulltrúi Tryggingamiðstöðvarinnar hf. sem hefði verið á staðnum hefði lýst því yfir að félagið myndi bæta þær skemmdir sem orðið hefðu á hæðinni fyrir neðan íbúð álitsbeiðanda.

Hinn 7. janúar sl. barst kærunevndinni annað mat frá A, dags. 20. desember 2010. Er það svohljóðandi:

„Undirritaður var viðstaddur niðurrif á sturtubotni að B ásamt Z pípulagningamanni, fulltrúa seljanda og fulltrúa TM. Afstaða mín hefur ekki breyst frá fyrra mati að galli er í sturtubotni. Að yfirborð sturtubotns slíti sig frá trefjunum er galli en ekki frágangur pípulagningamanns. Ég vísa í fyrri yfirlýsingu hér fyrir neðan. **Það er mat mitt að söluaðili beri fulla ábyrgð á þessum galla og ætti að bera það tjón sem hlýst af niðurríti á þessum gallaða sturtubotni ásamt tengingu og öllu því raski sem af þessari framkvæmd verður.**“

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Innrétinga og tækja falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Eins og fram kemur í álitsbeiðni krefst álitsbeiðandi m.a. endurgreiðslu á sturtubotni og sturtuklefa sem hún hafi keypt hjá Innrétingum og tækjum. Kærunefndin lítur svo á að hér sé um að ræða kaup á einum söluhlut en reikningur fyrir kaupunum er ekki sérstaklega sundurliðaður. Samkvæmt mati A, pípulagningameistara, leikur ekki vafi á því að lekinn frá sturtubotninum stafi af galla í honum, þ.e. að yfirborðið hafi losnað frá trefjasteypunni í botninum og við það myndast sprunga í yfirborðið sem leki í gegnum. Kærunefndin telur að á þessu álitu megi byggja og því sé um að ræða galla á söluhlutnum í skilningi 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003. Þegar svo hagar til þá getur neytandi krafist riftunar á kaupunum, sbr. d-lið 1. mgr. 26. gr. laganna enda er ekki um óverulegan galla að ræða þegar sturtubotn lekur eins og hér er tilvikið. Á þessum forsendum álitur kærunefndin að taka beri til greina kröfu álitsbeiðanda um riftun á kaupunum og endurgreiðslu reiknings fyrir þeim kaupum sem hún gerði hjá seljanda 4. maí 2010 sem var að fjárhæð kr. 31.475. Álitsbeiðanda ber að skila seljanda söluhlutnum óski hann þess.

Það er ljóst að nokkur kostnaður fylgir því að fjarlægja sturtubotninn og að koma nýjum fyrir og ganga frá. Álitsbeiðandi hefur gert kröfu um að seljandi greiði þennan kostnað. Samkvæmt 33. gr. laga nr. 48/2003 á neytandi rétt á skaðabótum fyrir það tjón sem hann verður fyrir vegna galla á söluhlut samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 52. gr. laganna s.s. útgjalda sem hann verður fyrir vegna gallans. Kærunefndin álitur að álitsbeiðandi eigi rétt á bótum vegna framangreinds kostnaðar. Hins vegar verður sá kostnaður ekki metinn öðru vísi en að álitum. Kærunefndin hefur fengið upplýsingar frá A hvernig aðstæður eru í íbúð kæranda og hvað þurfi að gera til þess að koma nýjum sturtubotni fyrir. Þegar litið er til þeirra upplýsinga er það niðurstaða kærunefndarinnar að hæfilegt sé að seljandi greiði álitsbeiðanda kr. 65.000 í skaðabætur. Taka ber fram að miðað er við að tryggingafélag greiði fyrir viðgerð á skemmdum á hæðinni fyrir neðan íbúð álitsbeiðanda en telja verður að fram sé komið, eftir því sem seljandi tjáði formanni kærunefndarinnar, að það muni tryggingafélagið gera. Standist það ekki er það álit kærunefndarinnar að seljanda beri að kosta þær viðgerðir, sbr. ákvæði 34. gr. neytendakaupalaga.

Niðurstaða kærunefndarinnar er því sú í heild sinni að seljanda, Innrétingum og tækjum beri að endurgreiða álitsbeiðanda kaupverð sturtubotnsins kr. 31.475 og kr. 65.000 í skaðabætur eða samtals kr. 96.475.

VII Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 96.475. Greiði tryggingafélag ekki kostnað við viðgerðir á íbúðinni fyrir neðan íbúð álitsbeiðanda ber seljanda að greiða þann kostnað.

Friðgeir Björnsson
formaður

Ólafur R. Guðmundsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir